

# Fundargerð

---

## 85. fundur í Safna- og menningarmálanefnd,

**Þriðjudaginn 26.08.2014 kl. 19:00, haldinn í Ráðhúsinu.**

Mættir voru: Anna María Rafnsdóttir, Árni Valgeirsson, Bjarki Hjörleifsson sem ritaði fundargerð, Dagbjört Höskuldsdóttir, Martin Markvoll, Menja von Schmalense, Ingibjörg H. Ágústsdóttir, Ragnheiður Valdimarsdóttir, Ægir Jóhannsson.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Efni fundar:

Engin dagsskrá lá fyrir.

Helst var rætt:

1. Sturla Böðvarsson bæjarstjóri ræddi hlutverk og hagsmunatengsl nefnda og vitnaði í erindisbréf Safna- og menningarmálanefndar. Áhugi væri á að auka samstarf milli safna með einum eða öðrum hætti. Bæjarstjóri hvatti nefndarmenn að setja fram tillögur til úrbóta og mikilvægt að nefndin standi vaktina. Að máli loknu yfirgaf Sturla fundinn.
2. Formaður Ragnheiður Valdimarsdóttir tekur til máls og hvetur til frjálstrar umræðu um menningarmál.
3. Norðurljósahátíð. Samkvæmt síðustu fundargerð var endurkjörin sama nefnd og hafði unnið að hátíðinni næst á undan. Ragnheiður taldi eðlilegt að þessi nefnd starfaði áfram og ný nefnd yrði skipuð eftir 2 ár. Fram kom að skipan nefndarinnar hefði farið fyrir fyrrverandi bæjarstjórn og verið samþykkt. Nefndin er búin að finna dagsetningu fyrir komandi Norðurljósahátíð.
4. Saga Stykkishólms – útgáfa næsta bindis. Dagbjört Höskuldsdóttir hafði samband við Rakel Olsen og hún tjáði henni að hún hefði sótt gögn sem voru hjá söguriturnum. Fékk hún þau hjá Ásgeiri Ásgeirssyni en hann er bróðir Ólafs Ásgeirssonar heitins, sem ritaði útgefnar bækur um “Sögu Stykkishólms”. Bent var á að verkefnið væri dýrt og fara þyrfti varlega, en mikilvægt væri að halda utan um gögnin. Bjarki Hjörleifsson lagði til að gerður yrði gagnagrunnur þar sem upplýsingar væru hýstar og aðgengilegar almenningi. Lagt til að Ragnheiður fari með Ragnheiði Óladóttur á Amtbókasafninu í bankahvelfingu Arion banka til þess að kanna hvort gögnin sé þar að finna.
5. Ljósmyndasafn. Fram kom að klára þyrfti skráningu á myndum í vörslu Ljósmyndasafns Stykkishólms. Einnig kom fram að einstaklingur hefði komið með myndir til að gefa safninu og hefði verið vísað frá. Einlægur hugur nefndarinnar var að

mikilvægt væri að taka á móti myndum til varðveislu. Bent var á að bókasafn Akraness þjónustaði með prentun á myndum gegn greiðslu og sýningum ljósmyndasafnsins.

Lagt til að formaður kynnti sér lagalegan birtingarrétt ljósmynda (hjá Þjóðminjasafni Ingu Láru Baldvinsdóttur) og rétt til að sýna og selja myndir. Bent var á að reynslu af birtingu mynda af börnum væri sennilega að finna í Safnahúsi Borgarfjarðar vegna sýningarinnar „Börn í 100 ár“.

Ljósmyndakvöld. Sett fram hugmynd um að virkja eldri borgara í Stykkishólmi til að veita upplýsingar og þekkingu um myndirnar með því að halda ljósmyndakvöld.

*Einnig tillaga um örnefnanefnd, samanber fyrirmynd félags eldri borgara í Borgarnesi.*

*Hrista rykið af Lionsgögnum – Lionsmenn gerðu örnefnaskrá.*

Galli að ljósmyndasafn sé auglýst utan á bókasafni en engin þjónusta er þar til staðar.

6. Jarðvangur (Geopark). Menja von Schmalensee sagði frá „Geopark“ í Danmörku og Frakklandi. Útskýrði að þetta væri verðugt verkefni fyrir nærumhverfi Stykkishólms. Lagði til að nefndin fundaði með Haraldi Sigurðssyni eldfjallafræðingi, sem viðrað hefur hugmyndir um jarðvang á Snæfellsnesi. Einnig var minnst á hugmynd Guðmundar Páls Ólafssonar heitins um steinagarð í Stykkishólmi. Hægt er að kynna sér „Geopark“ á <http://www.europeangeoparks.org/>
7. Fastasýning á bókasafninu. Ægir Jóhannsson kom með hugmynd um fasta sýningu í tengslum við margvíslega bókmenntaarfleið í nágrenni Stykkishólms. Möguleg umfjöllunarefni: Ari Fróði, systurnar, Helgafellsklaustur, Hrappseyjarprentsmiðja og fleira.
8. Fundartími var lauslega ræddur og samþykki fyrir því að finna hentugan tíma og samþykkt að stefna að því að hafa fundi í fyrra fallinu. Einnig var rætt um að bæði aðalmenn og varamenn fengju fundargerðir sendar til sín á tölvupósti.

Allar hugmyndir mældust vel fyrir.

Fundi slitið kl. 20:05

Ragnheiður Valdimarsdóttir

Bjarki Hjörleifsson

